

**Gildistaka.**

24. gr.

Gjaldskrá þessi fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps er samþykkt af hafnarnefnd þann 19. nóvember 2004, skv. hafnalögum nr. 61/2003 og 37. gr. reglugerðar um hafnamál nr. 326/2004.

Gjaldskráin öðlast gildi þann 1. janúar 2005 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur út gildi gjaldskrá fyrir hafnarsjóð Djúpavogshrepps frá 1. júlí 2003.

*Djúpavogi, 19. nóvember 2004.*

**Bj. Hafþór Guðmundsson** sveitarstjóri.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 575/2001 um sektir og önnur viðurlög vegna brota á umferðarlögum.**

1. gr.

Í stað orðanna 100.000 kr. í 1. mgr. 1. gr. kemur 300.000 kr.

2. gr.

Viðauki I við reglugerð nr. 575/2001.

*a. 45. gr. Ölvunarakstur*

Aukastöfum í töflu um vínandamagn í lofti fækkar um einn. Viðurlagaákvæði vegna ölvunaraksturs eru óbreytt að öðru leyti:

Vínandamagn í lofti mg/l	Sektir	Svipting
0.25 - 0.30	50.000	2 mán
0.31 - 0.37	50.000	4 mán
0.38 - 0.45	60.000	6 mán
0.46 - 0.55	70.000	8 mán
0.56 - 0.59	80.000	10 mán
0.60 - 0.75	100.000	12 mán

*b. 67. gr. Skoðun ökutækja og eftirlit*

Ákvæði um sektir vegna brota á 67. gr. fellur niður.

*c. 71. gr. Öryggisbelti*

Í stað tilvísunar í 5. mgr. er vísað í 6. mgr. sem orðast þannig:

6. mgr. Þess eigi gætt að farþegi yngri en 15 ára noti öryggis- og verndarbúnað skv. 1. - 4. mgr.

10.000

d. 72. gr. *Hlífðarhjálmur*

1. málsgrein orðist þannig:

1. mgr. Viðurkenndur hlífðarhjálmur ekki notaður.

5.000

3. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 með síðari breytingum sbr. lög nr. 84/2004 um breytingu á umferðarlögum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Samgönguráðuneytinu, 14. október 2004.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## AUGLÝSING

**sveitarstjórnar um samþykkt á deiliskipulagi við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum, Vatnsleysustrandarhreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Vatnsleysustrandarhrepps þann 9. nóvember 2004 samþykkt deiliskipulag við Akurgerði, Stóru-Vogaskóla og Vogatjörn í Vogum.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Vogum, 20. nóvember 2004.*

F.h. sveitarstjórnar,

**Jóhanna Reynisdóttir** sveitarstjóri.

## GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Flúða.**

1. *Almennt.*

Verðskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Hitaveitu Flúða

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur um virðisaukaskatt á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur á heitu vatni til húshitunar og sundlaugar er 14% en 24,5% til annarra nota.